

Almennt um notkun bókarinnar


Bókin *Klárari en þú heldur* er skrifuð fyrir börn og unglinga sem nokkurs konar handbók en ekki sem hefðbundin kennslubók. Kennsluleiðbeiningar munu því vera með nokkuð öðru sniði en venjulegar kennsluleiðbeiningar, þ.e. það má frekar líta á þær sem hugmyndabanka. Meginmarkmið bókarinnar er að gefa nemendum tækifæri til að styrkja sjálfa sig, öðlast betra sjálfstraust og skilja betur margbreytileika mannlegra hæfileika. Bókina má nota að hluta til með öllum bekknum en nemendur verða líka að geta nýtt sér hana eftir þörfum hvers og eins. Eins getur bókin komið að góðum notum hjá fámennum hóp nemenda eða fyrir einstakan nemanda sem þarf á stuðningi að halda. Sjálfsagt er að tengja greindirnar við þær námsgreinar sem þær hafa beina skírskotun til. Þó ber að hafa í huga að greindirnar vinna saman á flókinn hátt og einnig að það er hægt að beita hverri og einni greind á margar námsgreinar og viðfangsefni. Á það er einmitt lögð áhersla í bókinni. Lítum aðeins á dæmi um þessa beinu skírskotun:

- Málgreind – móðurmál, önnur tungumál.
- Rök- og stærðfræðigreind – stærðfræði, raungreinar.
- Rýmisgreind – sjónrænt efni, listgreinar, nýsköpun.
- Tónlistargreind – tónmennt, taktur, hrynjandi.
- Líkams- og hreyfigreind – handverk, íþróttir, dans.
- Umhverfisgreind – náttúrufræði, vistfræði.
- Samskiptagreind – samvinna og umgengni við aðra.
- Sjálfsþekkingargreind – lífsleikni, heimspeki, trúarbragðafræði.

Bókin hentar vel til að vekja nemendur til umhugsunar um sig sjálfa. Þar gegnir sjálfsþekkingargreindin lykilhlutverki og því er lagt til að henni verði gert hærra undir höfði en hinum greindunum. Í umfjöllun um sjálfsþekkingu gefast góð tækifæri til að þjálfar nemendur í að hugsa um eigin hugsun og meta sjálfa sig. Því fylgja pistlar hér með.

Að læra að þekkja eigin hugsunarhátt.
Að meta sjálfa(n) sig á raunsæjan hátt.

Nauðsynlegt er að nemendur haldi **leiðarbók** (sjá vinnublöð 1,6,8–11 og 14) yfir sjálfskannanir sínar og sjálfsmat. Þar leggja þeir áherslu á sterkar hliðar en einnig þær veiku. Þegar þeir reyna eitt og annað til að styrkja veikar hliðar geta þeir fylgst með árangrinum. Það ber að varast að leggja áherslu á fjölda stiga eða á orðin *hátt* og *lágt*. Hver nemandi á að bera sig saman við sjálfan sig en ekki aðra.



Leiðarbók

Áhugalitlir nemendur

Það ber að hafa í huga að þó nokkuð margir nemendur eru sannfærðir um að þeir geti ekki lært og hafa því neikvætt viðhorf gagnvart skólanum. Oft eru þeir búnir að koma sér upp neikvæðu atferli til að breiða yfir það sem þeir telja getuleysi sitt. Erfiðast er að eiga við áhugaleysið sem fylgir oft neikvæðu sjálfsmati. Þá fylgir því oft líka að vilja lítið sem ekkert leggja á sig: *Til hvers? Ég get þetta ekki hvort sem er!* Eins má nefna þá nemendur sem vilja að þeim gangi vel en vilja lítið leggja á sig. Í stað gamla máltækisins *Að uppskera laun erfiðis síns* heyrir nú gjarnan krafan um að nám eigi að vera eins konar skyndibiti, fljótlegt og handhægt. Það getur verið hægara sagt en gert að vekja áhuga sumra nemenda en þar skiptir áhugi og viðmót kennara höfuðmáli. Í bók sinni *Motivating Students Who Don't Care* segir höfundurinn, A. Mendler, að eftirfarandi viðhorf kennara sé nauðsynlegt ætli þeir að glæða námsáhuga nemenda:

- 1 Allir nemendur geta lært.
- 2 Nemendur hafa meðfæddan áhuga á að læra en læra að verða áhugalausir þegar þeim mistekst hvað eftir annað.
- 3 Nám krefst þess að við tökum áhættu og námsumhverfi þarf því að veita líkamlegt og andlegt öryggi.
- 4 Allir nemendur hafa þær grunnþarfir að tilheyra hópnum, að geta og að hafa áhrif á eigið líf. Námsáhugi á sér oftast stað þegar þessum grunnþörfum er sinnt.
- 5 Hátt sjálfsmat á ekki að vera markmið í sjálfu sér heldur á það að fylgja í kjölfar þess að ná tökum á ögrandi verkefnum.
- 6 Námsáhugi á sér oftast stað í skólanum þegar kennarar koma fram við nemendur af vinsemd og virðingu.

Lykilatriði sem kennarar geta nýtt sér til að vekja áhuga nemenda eru:

- Leggja áherslu á viðleitni
- Vekja von
- Virða sjálfsvald
- Mynda tengsl
- Sýna áhuga (Mendler, 2000:7–8)

Leggja áherslu á viðleitni: Erlendar rannsóknir hafa sýnt að nemendur sem trúá því að þeir geti ekki haft áhrif á greind sína skýra lélegan námsárangur sem skort á hæfileikum en ekki vinnu eða áreynslu. Þeir nemendur sem trúá því að þeir geti breytt greind sinni tengja hins vegar



vinnu við árangur. Þegar áhugalitlir nemendur hafa fundið sínar sterku hliðar þarf að hvetja þá til að reyna ýmsar aðferðir sem bent er á í bókinni og nýta þær til að styrkja veikari hliðar. Eitt lítið skref á dag skilar tilskildum árangri.

Vekja von. *Enginn getur allt en allir geta eitthvað.* Þessi setning á vel við þegar fjölgreindakenningin á í hlut. Það er sjálfsagt að hvetja nemendur til að búa í haginn fyrir framtíðina en þá verður að hafa í huga að börn og unglingar líta öðru vísi á tímann en fullorðnir. Það er ekki óalgengt að framhaldsskólanemar líti á framtíðina sem það sem gerist innan mánaðar, unglingar sem það sem gerist innan tveggja vikna og yngri börn innan þriggja daga (Mendler, 2000:23). Ungu fólki finnst óralangt þar til það verður fullorðið og margir sjá lítinn tilgang í að hugsa um óráðna framtíð. Því er heppilegra að líta ekki of langt fram á veginn og hugsa framtíðina í litlum skrefum. Í bókinni *Klárari en þú heldur* eru margar góðar ábendingar til nemenda um að setja sér raunhæf markmið og ná þeim.

Virða sjálfsvald. Allir vilja njóta virðingar og hafa áhrif á líf sitt. Unglingum finnst oft að þeir séu háðir duttlungum og valdi annarra. Viðnám þeirra getur þá birst í því að þeir neita að vinna verkefni, sýna áhugaleysi og jafnvel árásargirni. Þótt erfitt sé, er besta ráðið til kennara að sýna þessum nemendum virðingu og jákvæðni og bregðast ekki til varnar. Mikilvægt er að nemendur velji sjálfir verkefni og leiðir sem bent er á í bókinni *Klárari en þú heldur*.

Mynda tengsl. Góð samskipti og jákvæður bekkjarbragur skipta sköpum í námi og kennslu. Mendler bendir kennurum á gott ráð til að kynnst nemendum betur, að verja tveimur mínútum á dag í tíu daga í að ræða við einn og einn nemanda um eitthvað annað en skólastarf, t.d. íþróttir, tónlist, eitthvað sem er efst á baugi í fjölmiðlum o.s.frv.

Sýna áhuga. Áhugi getur verið smitandi og nemendur smitast oft af áhuga kennara fyrir viðfangsefninu. Kennarar vita að það er ekki nóg að láta sér annt um nemendur, þeir verða líka að hafa brennandi áhuga á viðfangsefninu.

Umræður um greind

Rétt er að byrja með umræður um greind og leita eftir hugmyndum nemenda um hvaða merkingu hugtakið hefur fyrir þá. Það má gera með hugstormun og skrá tillögur þeirra jafnóðum á stórt blað þannig að allir sjái vel hvað er skráð. Ef ólíkar hugmyndir koma fram er næsta skref að flokka saman þær sem eru líkar og ræða niðurstöður, þ.e. hvað eiga þær sameiginlegt og hvað er ólíkt milli flokka. Í kjölfarið er æskilegt að ræða hvort nemendur telji að greind sé meðfædd og óumbreytanleg eða hvort hægt sé að efla hana og þroska. Ef sumir nemendur telja að greind sé óumbreytanleg og aðrir að það sé hægt að efla hana má skipta þeim í hópa eftir skoðunum og fá hvorn hóp um sig til að setja fram rökstuðning fyrir þeirri skoðun sem þeir aðhyllast. Það má setja andstæðar hugmyndir um greind upp á eftirfarandi hátt.

<ul style="list-style-type: none">• Greind er óumbreytanlegur eiginleiki sem þú annaðhvort hefur eða hefur ekki.	<ul style="list-style-type: none">• Þar er aðeins til ein greind – allir sem eru greindir eru greindir á sama hátt.
<ul style="list-style-type: none">• Greind er eiginleiki sem þú getur styrkt með vinnu, með því að hugsa um eigin hugsun og fylgjast með því hvernig þú vinnur.	<ul style="list-style-type: none">• Það er hægt að vera greindur á fjölbreytilegan hátt – hver og einn er greindur á sinn hátt. Allir geta eitthvað – enginn getur allt.

Í *Íslenskri samheitaorðabók* (2002) eru gefin eftirfarandi samheiti yfir greind og það má bera þau saman við það sem nemendur hafa sett fram: Greind: gáfur, skilningur, skynsemi, vit.

Einnig má velta fyrir sér lýsingarorðunum sem gefin eru í orðabókinni og nemendur geta sett fram hugmyndir um hvernig sá maður / sú kona er sem lýst er með einhverju þeirra. Er t.d. munur á því að vera glöggskyggn og skyniborinn?

KK. Greindur: gáfaður, gáfuríkur, vel gefinn, glöggskyggn, glöggur, greinagóður, hygginn, klár, skarpur, skarpvitur, skilningsgóður, skyniborinn, skynigæddur, skynsamur, skynugur, skýr, spakur, svinnur, vitur, vís.

KVK. Greind: gáfuð, gáfurík, vel gefin, gköggskyggn, glögg, greinagóð, hygginn, klár, skörp, skarpvitur, skilningsgóð, skyniborinn, skynigædd, skynsöm, skynug, skýr, spök, svinn, vitur, vís.



Í bókinni eru notuð lýsingarorðin *vís* og *klár* þar sem höfundur notar orðið smart á frummálinu. Það er gert til að létta textann, ekki hvað síst þar sem þau eru eins í báðum kynjum. Einnig má tengja *vís* við *vísindi* sem getur gefið nemendum hugmyndir um tengsl sterkra hliða hjá tilteknum einstaklingum og þeirra fræða sem þeir leggja fyrir sig eða vekja áhuga þeirra. Málvís einstaklingur getur lagt fyrir sig málvísindi, félagsvís getur haft áhuga á félagsvísindum o.s.frv.

Klár: greindur, viss. **Vís:** viss, öruggur, vitur, greindur.

Málvís – málvísindi

Rökvís – rökvísindi

Tónvís – tónvísindi

Hreyfivís – hreyfivísindi

Rýmisvís – rýmisvísindi

Félagsvís – félagsvísindi

Sjálfsvís – sjálfsvísindi

Umhverfivís – umhverfivísindi